

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Grindavík.

Deiliskipulag við Víðihlíð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Grindavíkur þann 10. desember 2003 samþykkt deiliskipulag við Víðihlíð í Grindavík.

Deiliskipulagið tekur til svæðis, norðan við Víðihlíð og gerir ráð fyrir 10 parhúsalóðum og viðbyggingu við hjúkrunarheimilið Víðihlíð.

Greinagerð og uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag milli Víkurbrautar og Staphólsvegar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Grindavíkur þann 10. desember 2003 samþykkt deiliskipulag milli Víkurbrautar og Staphólsvegar í Grindavík.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir þremur verslunar- og þjónustulóðum við Víkurbraut og lóð fyrir fjölbýlishús við Staphólsveg.

Greinagerð og uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grindavíkurbæ, 23. febrúar 2004.

F.h. sveitarstjórnar,

Ólafur Örn Ólafsson bæjarstjóri.